

Inngangur

Hvað eru flökkusagnir?

Flökkusagnir úr samtímanum eru sögur sem flestir kannast við að hafa heyrt sem sannar frásagnir um raunverulega atburði. Þetta eru sögurnar sem við segjum í kaffitímanum, saumaklúbbnum, líkamsræktinni, frímínútum, partíum eða bara hvar sem tveir eða fleiri eru saman komnir. Efni þeirra er sótt í samtímann og þær fjalla gjarnan um fyrirbæri sem við kunnum ekki fullkomlega skil á, okkur þykja ógeðfelld eða óttumst. Þær fjalla meðal annars um nýja tækni, framandi menningu, ókennilegar plöntur, banvæna sjúkdóma, kynferðismál, morðingja, slys og vandræðalegar upptakur. Fæstar þessara sagna eru sannar.

Frá alda öðli hefur flökkusögnum verið miðlað munnlega frá manni til manns og dreifst þannig heimshorna á milli. Í seinni tíð hafa þær einnig skotið upp kollinum í fjölmiðlum og á allra síðustu árum hefur Netið aukið útbreiðslu þeirra verulega. Aðdráttarafl sagnanna felst að miklu leyti í því að viðkomandi

atburðir „gætu alveg hafa gerst“, enda er í flestum tilvikum tekið fram að sagan sé höfð eftir „pottþéttri“ heimild, nefnilega „vini vinar“ eða jafnvel byggð á frétt úr dagblaði. Sagnirnar taka jafnan breytingum frá einum tíma til annars. Staðsetning, umhverfi og persónur þróast eftir því hvar sagan er sögð og af hverjum en kjarninn – sagnaminnið – breytist þó ekki.

Það er nánast ómögulegt að rekja þessar sagnir aftur til ákveðins uppruna og þó að flestar þeirra séu í einhverjum skilningi sennilegar er yfirleitt hægt að slá því föstu að þær séu ósannar. Það er a.m.k. með ólíkindum að sami skringilegi atburðurinn eigi að hafa átt sér stað á svo mörgum stöðum með þátttöku svo margra ólíkra einstaklinga. Sagnirnar fela þó í sér annars konar sannleika, því þær endurspegla gjarnan tilteknar samfélagsbreytingar, ýmis mál-efni sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélaginu og óöryggi almennings gagnvart erfiðum eða framandi aðstæðum. Viðfangsefni flökkusagna eru áhugaverðir, óvenjulegir eða skrýtnir hlutir sem fanga athygli hlustandans og framkalla gjarnan sterk viðbrögð, svo sem óhug, undrun eða hlátur. Þessar sagnir skarast oft við aðrar munnlegar frásagnir, eins og slúður, brandara og skopsögur ýmiss konar, enda er skemmtigildið veigamikill þáttur í tilveru þeirra.

Tengsl flökkusagna í samtímanum við sagnir fyrri tíma eru einnig mikil. Stundum má greina í sögunum sígild þjóðsagnaminni sem hafa verið löguð að nútímaaðstæðum. Á fyrri öldum voru skógar, óbyggðir og fjöll ókönnuð og dularfull svæði þar sem útilegumenn, tröll eða álfar lifðu góðu lífi. Nú á dögum geta skúmaskot stórborga, utangarðsmenn og rottur orðið kveikja samþætilegra sagna. Ágætt dæmi um þetta samhengi fortíðar og samtíðar er frásögnin um samferðamanninn sem hverfur á miðri leið og reynist þá vera svipur látins manns. Þetta minni er þekkt úr sígildum draugasögum – oftast eru samferðamennirnir fótgangandi eða samferða í hestvagni. En sagan er einnig þekkt með

nútímalegu sögusviði. Eftirfarandi frásögn er úr Þjóðsagnasafninu *Grímu hinnu nýju* sem út kom hér á landi 1964-1965:

Fyrir nokkrum árum var bifreiðarstjóri einn úr Reykjavík sendur með vörur suður í Sandgerði, og átti hann að taka þar einhvern flutning á bifreiðina til baka. Þetta var um vetrartíma, og segir ekki af ferðum hans fyrr en í Sandgerði. Þegar hann er þar að athafna sig, kemur maður að máli við hann og biður hann að taka stúlku til Reykjavíkur, ef hann geti, því hún hafi misst af áætlunarferðinni, en þurfi nauðsynlega að komast til bæjarins fyrir kvöldið. Bifreiðarstjórinn heitir þessu, og verður það að samkomulagi að hann taki stúlkuna við hús eitt þar í þorpinu. Kveðst hann munu koma þangað og gefa hljóðmerki, þegar hann leggi af stað, og verði stúlkan þá að koma tafarlaust. Slíta þeir svo talið, og heldur bifreiðarstjórinn áfram að reka erindi sín. Einhver dráttur varð á því, að hann fengi afgreiðslu, og var komið fram yfir dagsetur, er hann var ferðbúinn. Ekur hann nú að húsinu, þar sem hann átti að taka stúlkuna, en ekki þarf hann að bíða þar eða gera vart við sig, því að áður en hann nemi staðar, vindur konu í dökkri kápu að bifreiðinni, þeim megin er frá honum veit. Opnar hann þá hurðina, en konan stígur uppí og sest í sætið við hlið hans. Tösku litla hafði hún meðferðis og lét hana hjá sér í sætið. Síðan skellir hann hurðinni í lás, setur öryggið fyrir og ekur af stað. Ekki heilsar konan eða tók kveðju hans. Þótti honum það undarlegt og hugsaði með sér, að hún væri eitthvað dreissug þessi, og lét sig það engu skipta að öðru leyti. Logn var veðurs, en dimmt til jarðar og fáferðugt á veginum. Bifreiðarstjórinn lét því gamminn geysa og hafði ekki augun af veginum. Nokkrum sinnum reyndi hann þó að brjóta upp á umræðuefni við hinn fáláta sessunaut sinn, en fékk aldrei neitt svar, svo að hann hætti því og taldi best væri, að láta konukindina eiga sig. Ekur hann nú sem leið liggur inn Vatnsleysu-

strönd og um Hafnarfjörð. En er hann er kominn inn undir Reykjavík, dettur honum í hug, að rétt sé að spyrja konuna, hvert hún ætli að fara. Í sömu svipan finnst honum hann vera orðinn einn í bifreiðinni. Hægir hann þá ferðina og lítur til hliðar, en þá er sætið autt, og sér ekki urmúl eftir af konunni eða tösku hennar. Kemur honum þá helst í hug, að hurðin muni hafa brokkið upp og konan dottið út, án þess hann yrði þess var. Stöðvar hann bifreiðina samstundis og athugar hurðina, en hún er harðlæst sem fyrr og öryggishúnninn í réttum skordum. Nú verður maðnum ekki um sel, fer út og leitar allt í kringum bifreiðina. Ekki verður hann þó neins vísari um konuna. En er hann litast um, sér hann, að bifreiðin stendur á veginum beint fyrir utan sálubliðið á kirkjugarðinum í Fossvogi. En næst er hann átti leið suður í Sandgerði, hitti hann manninn, sem áður getur, og segir sá, að hann hafi illa brugðist sér, er hann fór hjá án þess að taka stúlkuna, eins og um hafi verið talað.

Þessi sögn nýtur ennþá vinsælda í ýmsum afbrigðum víða um heim og er hún yfirleitt kölluð „Puttalingurinn sem hvarf“.

Bent hefur verið á að margar flökkusagnir í samtímanum endurspeglu viðhorf okkar til utanaðkomandi nýjunga, útlendinga eða annarra kynþátta. Hér er ekki um nýtt fyrirbæri að ræða. Þegar hollensk og ensk skip voru við veiðar undan Íslandsströndum á fyrri öldum spunnust ýmsar sagnir um sjómennina um borð. Var m.a. sagt að þeir ásældust rauðbirkna, íslenska unglunga. Samkvæmt einni sögn byrjuðu sjóararnir á því að drepa unglunga, hengdu síðan búkana í reiðann og skáru af þeim í beitu. Aðrar sagnir hermdu að þeir hengdu unglunga lifandi á fótunum í reiðann, særðu þá á höfði og létu renna úr þeim blóðið og hefðu til lækninga.

Annar flokkur fólks sem oft er til umfjöllunar í flökkusögnum eru þeir sem skera sig úr innan samfélagsins, til dæmis vegna klæðaburðar, kynhegðunar eða aldurs. Þannig eru fjölmörg dæmi

um að flökkusagnir bregði upp myndum af hippum, hommum, lesbíum, eiturlyfjaneytendum og rosknu fólki. Sagnirnar koma oft upp um hræðslu og fordóma almennings gagnvart slíkum hópum, en þess eru líka dæmi að þær taki þessa fordóma til umfjöllunar og geri að þeim grín. Þessar sagnir samsvara ýmsum eldri sögum um fólk frá tilteknum landsvæðum. Í íslenskum þjóðsagnasöfnum má t.d. oft lesa um galdra og tröllskap Vestfirðinga. Gefið er til kynna að byggðarlög á Vestfjörðum séu einangruð svæði sem hýsa skringilegt ef ekki beinlínis hættulegt fólk. Óblið náttúra og hrikalegt landslag hafa síðan líklega gert sitt til að ýta undir sagnir um yfirnáttúrlega hæfileika þeirra sem þar bjuggu.

Flökkusagnir eru með öðrum orðum eins konar samtímaspegill sem varpar ljósi á ríkjandi viðmið í samfélaginu hverju sinni. Með þeim tjáum við margvíslegustu skoðanir okkar og áhyggjuefni, oft á ómeðvitaðan hátt. Sumar sagnirnar fela líka í sér skýran boðskap; þær leggja okkur lífsreglur og vara okkur við afleiðingum óæski-legrar hegðunar.

Í þessari bók er safnað saman úrvali flökkusagna sem gengið hafa í íslensku samfélagi á síðari árum. Bókin er byggð á BA- og MA-verkefnum mínum í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Auk eigin rannsóknna styðst ég við fjölmargar bækur og greinar eftir erlenda fræðimenn, þ.á m. Bengt af Klintberg, Jan Harold Brunvand, Gillian Bennett og Paul Smith. Þá hef ég notið góðs af þjóðfræðisöfnun nemenda á námskeiðinu Þjóðfræði samtímans sem Valdimar Tr. Hafstein þjóðfræðingur kenndi við Háskóla Íslands haustið 2000. Kann ég þeim og öðrum sem hafa lagt þessu verkefni lið bestu þakkir. Sérstakar þakkir fá Jón Hnefill Aðalsteinsson, Jón Karl Helgason, Jón Jónsson, Ólína Þorvarðardóttir, Terry Gunnell og Valdimar Tr. Hafstein.